



Bréf sent prestum, djáknum,
organistum og sóknarnefndum

Reykjavík 6. janúar 2021

Ágæta samverkafólk.

Í upphafi nýs árs sendi ég bæn um farsæld á árinu 2021 með þökk fyrir samstarf liðins árs. Enn er í gildi reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem tók gildi 10. desember og gildir til og með 12. janúar. Hámarksfjöldi þeirra sem mega koma saman er 10 svo ekki er hægt að leyfa auglýstar guðsþjónustur eða samkomur á vegum þjóðkirkjunnar að svo stöddu.

Ný reglugerð um skólastarf hefur verið gefin út og gildir hún frá áramótum til loka febrúarmánaðar. Hefðbundið staðnám má fara fram. Varðandi leik- og grunnskóla kemur fram að:

*Heimilt verður að hafa 20 starfsmenn saman í rými á **leikskóla** og er starfsmönnum heimilt að fara á milli hópa. Ef ekki er unnt að tryggja 2 metra reglu innandyra ber þeim að nota grímur.*

*Heimilt verður að hafa 20 starfsmenn saman í rými í **grunnskóla** og er starfsmönnum heimilt að fara á milli hópa. Ef ekki er unnt að tryggja 2 metra reglu innandyra ber þeim að nota grímur. Í sameiginlegum rýmum, m.a. mötuneytum verður heimilt að víkja frá fjöldatakmörkun, að því gefnu að starfsfólk noti grímur. Þessar reglur gilda einnig um frístundaheimili, skipulagt íþróttá- æskulýðs- og tómstundastarf og um störf í félagsmiðstöðvum.*

Skv. þessu og staðfestingu frá landlækniseimbættinu til biskupsstofu má því kirkjulegt starf með börnum á leik- og grunnskólaaldri hefjast með þeim takmörkunum sem reglugerðin heimilar, sjá <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=72703eb0-47b7-4de1-8723-5ef869658e81>.

Þið, kirkjunnar fólk um land allt, hafið staðið ykkur afskaplega vel í því að láta starfið ganga þrátt fyrir allar takmarkanirnar sem hafa verið í gangi. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt, t.d. þegar andlát ber að höndum og takmarka hefur þurft fjölda þeirra sem mega vera viðstaddir útför. Ég þakka ykkur fyrir þjónustuna og þakka Guði fyrir ykkur sem ávallt eruð reiðubúin til að bregðast við kalli og þeim áskorunum sem því fylgir hverju sinni.

Ég deili með ykkur mannakorni sem stóð á hitamæli hér í Katrínartúni 4 (biskupsstofu) þegar ég skoðaði þetta húsnæði fyrst, en það var nánast tomt utan nokkurra hitamæla. Á einum

Þeirra stóð þetta vers á miða: „Þú ert skjól mitt, þú leysir mig úr nauðum, með frelsisfögnuði umkringir þú mig.“ Sálm. 32:7

Með þetta fyrirheiti göngum við inn til nýs árs, reynslunni ríkari, fullviss um að við erum ekki ein á ferð og ein í þjónustunni.

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,

A handwritten signature in blue ink, reading "Agnes M. Sigurðardóttir". The signature is written in a cursive, flowing style.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.